

Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum
-Stöðuskýrsla til dómsmálaráðherra-

Eftirlitsnefnd með tilraunaverkefni um sáttamiðlun í sakamálum
Desember 2007

Efnisyfirlit

<i>1 Inngangur.....</i>	<i>3</i>
<i>2 Um framkvæmd tilraunaverkefnisins.....</i>	<i>3</i>
2.1 Almennt um verkefnið.....	3
2.2 Brot sem falla undir sáttamiðlun.....	4
2.3 Kynning verkefnisins.....	5
<i>3 Staða tilraunaverkefnisins.....</i>	<i>5</i>
3.1 Sáttuferlið og meðaltími sáttu.....	5
3.2 Fjöldi mála.....	7
3.3 Nánar um tilraunaverkefnið á höfuðborgarsvæðinu.....	8
3.4 Verkefnið á landsbyggðinni.....	9
3.5 Tölulegar upplýsingar um tilraunaverkefnið.....	9
<i>4 Mat á árangri og tillögur til úrbóta.....</i>	<i>11</i>

Viðaukar.

1 Inngangur

Þann 17. maí 2006 ákvað dómsmálaráðherra að setja á fót tilraunaverkefni til tveggja ára um sáttamiðlun í opinberum málum. Af því tilefni skipaði hann jafnframt nefnd til að annast eftirlit með verkefninu og gæta samræmingar milli þeirra aðila sem að því koma (hér eftir kölluð eftirlitsnefndin eða nefndin). Einnig var nefndinni ætlað að sjá um að verkefnið yrði kynnt almenningi og að stöðuskýrslu yrði skilað til dómsmálaráðherra þegar verkefnið væri hálfnað. Í þeirri skýrslu kæmi fram hvernig til hefði tekist og hvað mætti betur fara. Við lok verkefnisins yrði svo gerð ítarleg úttekt á því og metið hvort ástæða væri til að gera úrræðið að varanlegum hluta refsivörslukerfisins. Sú skýrsla sem hér fer á eftir er stöðuskýrsla um verkefnið.

Í nefndina voru skipuð: Ragnheiður Harðardóttir, vararíkissaksóknari, sem jafnframt var formaður, Dís Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, Egill Stephensen, saksóknari hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson, verkefnisstjóri tilraunaverkefnisins. Ragnheiður lét af störfum í nefndinni 26. september 2006 og var Kolbrún Benediktsdóttir, fulltrúi hjá ríkissaksóknara skipuð í hennar stað en Dís Sigurgeirsdóttir tók við formennsku í nefndinni. Egill Stephensen lét af störfum í nefndinni 24. apríl 2007 og var Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, lögfræðingur yfirstjórnar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu skipaður í hans stað. Þá hefur Ragna Bjarnadóttir gegnt nefndarstörfum fyrir Kolbrúnu Benediktsdóttur frá 1. júlí 2007, en hún er í fæðingarorlofi

Þar sem um er að ræða stöðuskýrslu er hér ekki að finna fræðilega umfjöllun um sáttamiðlun heldur stutta samantekt um stöðu og gang tilraunaverkefnisins. Fræðileg umfjöllun og ítarleg úttekt á verkefninu bíður lokaskýrslu.

Skýrslan tekur til tímabilsins 1. október 2006 til 30. september 2007. Umfjöllun um verkefnið og tölulegar upplýsingar munu því miða við nefnt tímabil. Þrátt fyrir það þykir nefndinni þó nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir þeim árangri sem hefur náðst á einstaka lögreglustjóraembættum eftir að þau hófu þátttöku í verkefninu eitt af öðru í október – desember 2007.

Hér á eftir verður fyrst fjallað um framkvæmd tilraunaverkefnisins (2. kafli), því næst um hvernig til hefur tekist (3. kafli) og loks er leitast við að leggja mat á árangur og sett fram sjónarmið um atriði sem nefndin álítur að betur megi fara (4. kafli).

2 Um framkvæmd tilraunaverkefnisins

2.1 Almennt um verkefnið

Verkefnið sem nær til alls landsins hófst 1. október 2006 hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið var að byrja á einu lögregluembætti en færa svo verkefnið til annarra lögregluembættanna smátt og smátt. Lögreglumenn annast sáttamiðlunina á grundvelli sáttaaðferðar að erlendri fyrirmynd sem kallast „*Real Justice*“. Gengur hún út á að lögreglumenn

eru sáttamenn og fylgja fyrirfram ákveðnu handriti við sáttamiðlunina. Þá er ætlast til að þolendur og gerendur taki með sér þá aðila á sáttafund sem þeir telja heppilega til aðstoðar. Þetta er frábrugðið því sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum en þar eru yfirleitt leikmenn í formi sjálfboðaliða sem annast sáttafundi. Leiðbeinendur frá Bretlandi og Bandaríkjunum voru fengnir til að kenna lögreglumönnum nefnda sáttaaðferð. Fimmtán lögreglumenn hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu eru sérstakir sáttamenn.

Sérstök sáttahandbók var gefin út fyrir sáttamiðlara þar sem fram koma reglur um sáttamiðlun og öll helstu atriði varðandi framkvæmd sáttamiðlunar og sáttasamninga.

Í október á þessu ári voru lögð drög að því að innlima lögreglustjóraembættin 14 á landsbyggðinni í verkefnið. Í því skyni voru námskeið haldin fyrir lögreglustjóra, löglærða fulltrúa og lögreglumenn úti á landi. Fyrsta námskeiðið var haldið 11. október á Ísafirði og það síðasta 13. desember í Keflavík. Um námskeiðin sáu verkefnisstjóri tilraunaverkefnisins ásamt löglærðum fulltrúum eftirlitsnefndarinnar. Ávallt var reynt að haga málum svo að unnt væri að taka sáttamál fyrir strax í kjölfar námskeiðs þannig að verkefnisstjóri gæti verið sáttamönnum til halds og trausts á sáttafundi. Í þeim tilvikum sem það var ekki unnt var verkefnisstjóri ávallt viðstaddur fyrsta mál sem sáttamenn tóku fyrir.

2.2 Brot sem falla undir sáttamiðlun

Með bréfi, dagsettu 17. maí 2006, fól dómsmálaráðherra ríkissaksóknara að útfæra tiltekna þætti tilraunaverkefnisins, þ. á m. skilyrði þess að máli verði vísað í sáttamiðlun og hvaða sakarefni séu tæk til að hljóta þessa meðferð. Með leiðbeiningum/fyrirmælum ríkissaksóknara, RS:1/2006, sem tóku gildi 1. október 2006, var kveðið á um þessa þætti.

Hvaða brot

Samkvæmt fyrirmælunum getur ákærandi vísað málum sem varða brot gegn tilteknum ákvæðum hegningarlaga til sáttamiðlunar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hegningarlagaákvæðin sem um ræðir eru 244. gr. (þjófnaður), 245. gr. (gripdeild), 231. gr. (húsbrot), 233. gr. (hótun), 257. gr. (eignaspjöll), 217. gr. (minniháttar líkamsárásir), 259. gr. (nytjastuldur) og 106. gr. (minniháttar brot gegn valdstjórninni).

Önnur skilyrði.

Ákærandi má samkvæmt fyrirmælunum vísa máli til sáttamiðlunar ef málinu yrði annars lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun eða ef ætla má að refsing við brotinu færi ekki fram úr sektum eða skilorðsbundnu fangelsi. Ekki eru sett sérstök skilyrði um aldur geranda en í fyrirmælunum er áréttað að sáttamiðlun sé sérstaklega æskilegur kostur vegna brota ungmenna á aldrinum 15 til 21 árs. Þá eru það ófrávíkjanleg skilyrði að gerandi hafi játað brot sitt, málið sé talið upplýst og gerandi og þolandi hafi samþykkt að málið fari þessa leið. Ef gerandi eða þolandi eru yngri en 18 ára verður samþykki lögráðamanns að liggja fyrir.

Það er ákærandi sem metur hvort mál séu tæk til að verða vísað í sáttamiðlun. Í fyrirmælunum segir að við það mat skipti miklu: „að sérstök varnaðaráhrif mæli með slíkri meðferð og að almenn varnaðaráhrif mæli því ekki í mót.“

2.3 Kynning verkefnisins

Áður en tilraunaverkefnið hófst lét nefndin útbúa sérstakan bækling þar sem úrræðið sáttamiðlun er kynnt. Í bæklingnum er að finna helstu upplýsingar um tilraunaverkefnið og úrræðið sjálft. Bæklingurinn nýtist sem kynningarbæklingur fyrir almenning og einnig sem fyrstu upplýsingar fyrir þolendur og gerendur þegar þeim er kynnt úrræðið. Bæklingurinn liggur í afgreiðslu dómsmálaráðuneytisins og á öllum lögreglustöðvum landsins. Honum hefur ekki verið dreift víðar en hugsanlega kann að vera ástæða til þess. Þá eru ítarlegar upplýsingar um tilraunaverkefnið og úrræðið sáttamiðlun á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins.

Einnig er rétt að geta þess að Barnaverndarstofu og Umboðsmanni barna var sérstaklega tilkynnt um tilraunaverkefnið þegar það fór af stað.

Verkefnið hefur ekki verið kynnt fleiri stofnunum eða almenningi með beinum hætti en þess má geta að verkefnisstjóri kynnti verkefnið í nokkrum útvarpsviðtölum þegar það hóf göngu sína og einnig hefur nokkur blaðaumfjöllun verið um það.

3 Staða tilraunaverkefnisins

3.1 Sáttferlið og meðaltími sátta

Við upphaf tilraunaverkefnisins var ákveðið að embætti lögreglustjórans í Reykjavík, nú lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, yrði fyrsta embættið í innleiðingu sáttamiðlunar á Íslandi. Í því skyni var m.a. ákveðið að verkefnisstjóri tilraunaverkefnisins myndi starfa hjá embættinu.

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu útbjó verkferil fyrir sáttamiðlunarferlið að höfðu samráði við eftirlitsnefndina og er hann í fylgiskjali með skýrslunni. Gerðar voru breytingar á forritun í málaskrá lögreglunnar í samræmi við verkferilinn, þannig að hægt er að skrá mál sem sáttamál þannig að ávalt verði sýnilegt í hvaða farvegi málið er á hverjum tíma.

Samkvæmt verkferlinum er ferill máls eftir að það er kært til lögreglu í grófum dráttum eftirfarandi: Lögreglumaður sem rannsakar mál annast frumgreiningu þess og kannar hvort það uppfylli hugsanlega skilyrði sáttamiðlunar, þ.e. hvort það heyri undir ákvæði þau sem koma til greina, hvort málið sé játað og teljist upplýst, hvort gerandi hafi áður gerst sekur um alvarleg eða ítrekuð hegningarlagabrot þannig að sáttamiðlun sé útilokuð og hvort báðum aðilum hugnist slík meðferð. Ef svo er, sendir hann það til ákæranda sem tekur ákvörðun um hvort vísa beri málinu til sáttamiðlunar. Ríkissaksóknari tekur þó ákvörðun um hvort máli sem varðar brot gegn 106. gr. alm. hgl. skuli vísað til sáttamiðlunar. Samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 1/06 skal slík

ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum frá því að mál berst lögreglu. Sé málið tækt til sáttamiðlunar vísar ákærandi því til sáttamanns. Sáttamaður kannar endanlega afstöðu þolanda og geranda til sáttamiðlunar og boðar þá til sáttafundar ef þeir samþykkja báðir. Áður en til sáttafundar kemur undirbýr sáttamaður aðilana fyrir sáttafund. Hann afhendir þeim upplýsingar um sáttamiðlun og kynnir þeim nánar, annaðhvort með símtali eða sérstökum undirbúningsfundi, hvað sáttamiðlun gengur út á og hvernig sáttafundurinn mun fara fram. Sáttafundir eru yfirleitt haldnir á lögreglustöð en halda má þá annars staðar ef aðilar óska þess. Lögreglumenn eru sáttamenn í öllum málum nema þeim er varða brot á 106. gr. alm. hgl. Þau brot varða í flestum tilvikum minniháttar brot gegn lögreglumönnum og ekki þykir heppilegt að lögreglumaður sætti slík mál. Verkefnisstjóri hefur annast sáttamiðlun í málum á grundvelli 106. gr. alm. hgl. Ef sátt tekst á fundi er sáttasamningur undirritaður í lok fundar og aðilum boðið upp einfaldar veitingar að honum loknum. Meðan á tilraunaverkefninu stendur eru aðilar jafnframt beðnir að svara spurningalista með ýmsum spurningum um fundinn, s.s. hvort sáttamaður hafi verið hlutlaus, hvort sáttasamningurinn hafi verið sanngjarn o.s.frv. Spurningalistinn er í fylgiskjali með skýrslunni. Geranda er veittur ákveðinn frestur til að uppfylla samninginn en meginreglan er sú að sá tími geti ekki verið lengri en þrjú mánuðir frá undirritun hans. Tilkynni brotapolí ekki um vanefndir innan viku frá efndatíma samnings er litið svo á að hann hafi verið efndur og málið sent til ákæranda á ný til málslúkningar. Á grundvelli staðfestingar sáttamanns um efndir fellur ákærandi frá saksókn á grundvelli f. liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála. Slík niðurstaða leiðir jafnframt til þess að brotið er ekki skráð á sakaskrá geranda.

Samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 1/06 skal sáttamaður ljúka máli innan þriggja vikna frá þeim tíma sem ákærandi vísar máli til hans. Hafi tilkynning um lok sáttameðferðar ekki borist ákæranda innan fjögurra vikna frá því að máli var vísað til sáttameðferðar ber ákæranda að taka málið til viðeigandi afgreiðslu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt upplýsingum frá verkefnisstjóra hefur ekki reynst unnt að fylgja tilgreindum tímafrestum í tilmælum ríkissaksóknara. Í fyrsta lagi hefur ávallt tekið lengri tíma en 10 daga að vísa máli til sáttameðferðar. Ef þessi regla hefði verið strangt túlkuð hefðu engin mál borist til sáttameðferðar. Skýring á þessu kann að felast í álagi í rannsóknardeildum sem leiðir til þess að ekki hefur verið hægt að forgangsraða sáttamálum eins og æskilegt hefði verið. Þá hefur einnig sú krafa í tilmælum ríkissaksóknara um að mál skuli „talin upplýst“ áður en þeim er vísað til sáttamiðlunar valdið vandkvæðum í túlkun. Vafi hefur leikið á um hvort nægilegt sé að málið sé játað eða hvort í þessu felist að rannsaka þurfi málið að fullu með yfirheyrslu vitna o.þ.h. áður en ákvörðun er tekin. Hefur þetta leitt til þess að sum mál hafa verið fullrannsökuð áður en þeim hefur verið vísað til sáttamiðlunar. Þá hefur, í öðru lagi, aldrei tekið skemmri tíma en 29 daga að sætta mál frá því að ákærandi hefur vísað því til sáttamiðlunar. Ástæður fyrir þessu hafa verið margvíslegar, s.s. að erfitt hefur reynst að ná í fólk og boða það á fund og í sumum tilvikum hefur vantað endanlega reikninga um lækna- eða tannlæknakostnað til að ákveða bætur. Af þessum sökum hefur settum tímamörkum ekki verið fylgt út í hörgul heldur hefur frekar verið litið til þeirra hagsmuna sem eru í húfi við að ná sátt í málunum.

Samkvæmt upplýsingum frá verkefnisstjóra tekur að meðaltali 2 klst. og 53 mín. að ljúka einu sáttamáli og er þá undirbúningstími talinn með. Hver sáttafundur án undirbúnings tekur 1 klst. og 18 mín en undirbúningur fyrir hvern sáttafund tekur að meðaltali 1 klst. og 35 mín.

3.2 Fjöldi mála

Langflest mál sem vísað hefur verið til sáttamiðlunar á því tímabili sem skýrsla þessi nær til eru mál hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Þar hefur verið tekin ákvörðun um sáttamiðlun í alls 20 málum á tímabilinu. Þar af eru líkamsárasmál í meirihluta eða alls 12 mál, mál vegna eignaspjalla eru tvö, mál vegna brota gegn valdstjórninni fjögur og þjófnaðarmál tvö.

Fjöldi þeirra brota sem skráð voru í málaskrá embættisins á nefndu tímabili og varða umrædda málaflokka er eftirfarandi:

Tafla. Fjöldi brota hjá lögregluembætti höfuðborgarsvæðisins frá 1. okt. 2006 til 30. sept. 2007.

	Fjöldi brota 01.10.06-30.09.07
Þjófnaður (244. gr. alm. hgl.)	4.599
Gripdeild (245. gr. alm. hgl.)	98
Húsbrot (231. gr. alm. hgl.)	111
Hótun (233. gr. alm. hgl.)	254
Eignaspjöll (257. gr. alm. hgl.)	2.362
Minniháttar líkamsárás (217. gr. alm. Hgl.)	834
Nytjastuldur (259. gr. alm. hgl.)	360
Brot gegn valdstjórninni, ofbeldi gagnvart opinberum starfsmanni (106. gr. alm. hgl.)	113
Samtals	8.731

Nokkrum vandkvæðum er bundið að áætla þann fjölda mála sem tæk voru til sáttamiðlunar á nefndu tímabili þar sem málaskrá lögreglunnar tilgreinir ekki fjölda mála heldur fjölda brota sem þýðir að ef háttsemi hefur falið í sér brot á fleiri en einu lagaákvæði, t.d. ef þjófnaður hefur falið í sér húsbrot og eignaspjöll þá skráist það sem þrjú brot þótt einungis sé um eitt mál að ræða. Fjöldi mála er því færri en taflan gefur til kynna. Þá verður einnig að taka með í reikninginn að ákveðinn fjöldi þessara mála var felldur niður á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, eða alls 597 mál og að fallið var frá saksókn í 120 málum með vísan til 113. gr. sömu laga. Jafnframt verður að hafa eftirfarandi atriði í huga: Í fyrsta lagi að í þessum tölum er ekki gerður greinarmunur á hvort brot gegn viðkomandi ákvæðum eru alvarleg eða minniháttar. Eingöngu minniháttar brotum verður vísað til sáttamiðlunar. Í öðru lagi að sáttamiðlun er einungis tæk þegar báðir aðilar samþykkja að hún fari fram. Í þriðja lagi að sakaferill geranda getur útilokað mál frá sáttamiðlun. Varðandi einstaka brotaflokka skal það nefnt hér að nytjastuldur er yfirleitt ekki sjálfstætt brot heldur fylgir því oftast umferðarlagabrot, sem ekki heyrir undir úrræði sáttamiðlunar og koma fæst þeirra brota til álita í sáttamiðlun. Þá verður að nefna að mál er varða minniháttar eignaspjöll eru háð kæru þess sem misgert er við. Í mörgum tilfellum er þessum málum ekki fylgt eftir af kæranda og hljóta því ekki frekari framgang. Ítarlegri skýringar varðandi aðra málaflokka eru í kafla 3.3. Það má þó með nokkurri vissu áætla að fleiri brot en 20 hafi verið tæk til sáttamiðlunar.

Nokkur embætti á landsbyggðinni tóku mál til sáttamiðlunar á tímabilinu með aðstoð verkefnisstjóra en það voru lögreglustjórinn á Akranesi, Akureyri, Eskifirði og Keflavík, eitt mál hvert. Málið á Akranesi og Akureyri vörðuðu þjófnað og á Eskifirði og í Keflavík eignaspjöll.

Af þeim 24 málum sem vísað hefur verið til sáttamiðlunar hefur þeim öllum verið lokið með sátt. Í aðeins tveimur málum afþökkuðu aðilar boð um að fara í sáttamiðlun. Í öllum tilvikum nema einu hefur gerandi staðið við sáttasamninginn.

3.3 Nánar um tilraunaverkefnið á höfuðborgarsvæðinu

Snemma á árinu 2007 var mörkuð sú stefna af hálfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðisins, að forgangsraða þeim brotaflokkum sem til greina koma í sáttameðferð. Fremst í flokki eru minniháttar líkamsárásir skv. 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Einnig var ákveðið að horfa sérstaklega til 1. mgr. 257. gr. laganna sem fjallar um eignaspjöll og 244. gr. sem fjallar um þjófnaðarbrot. Ástæður forgangsroðunar eru magvíslegar. Sú fyrsta á rætur að rekja til umfangs málaflökkanna en hlutfallslega flest mál ungra afbrotamanna sem rata á borð lögreglu þar sem brot varðar við almenn hegningarlög eru minniháttar líkamsárásir, eignaspjöll og minniháttar þjófnaðarmál. Eru þessir þrjú flokkar því forgangsflokkar í sáttamiðlunarúrræðinu við meðferð mála hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Önnur ástæða er sú að í mörgum tilvikum er um að ræða fyrsta brot viðkomandi og því er lítið svo á að vænlegra sé til árangurs að beina máli í farveg sáttamiðlunar að uppfylltum skilyrðum, fremur en að grípa til ákæru eða niðurfellingar saksóknar. Þá má í þriðja lagi nefna að nefnd brot falla einkar vel að úrræði sáttamiðlunar og betur en t.d. hótunarbrot og nytjastuldur. Hótunarbrot sem sjálfstætt brot, er þess eðlis að um er að ræða tjáningu hugsunar og þarf hótun að vera að tilteknum grófleika og til þess fallin að þolandi beinlínis óttist að gerandi muni láta til skara skriða. Þannig er oft á tíðum erfitt að henda reiður á hvort um er að ræða brot gegn lögum eða ekki. Í þeim tilvikum sem ljóst þykir að um brot er að ræða eru þau yfirleitt svo alvarleg að þau falla utan sáttamiðlunarúrræðisins. Nytjastuldur er oft í tengslum við önnur umferðarlagabrot, s.s. ölvunarakstur, hraðakstur o.fl., og málið því ekki tækt til sáttamiðlunar. Til samanburðar má geta þess að hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er saksókn mála vegna hótunar, nytjastuldar eða húsbrots, sem sjálfstæð brot, mun fátíðari en saksókn á grundvelli framangreindra þriggja forgangsflokka. Mun algengara er að mál sem varða hótanir, húsbrot eða nytjastuld, varði einnig við önnur laga- og refsíákvæði sem er þá beitt jafnhliða eða að sakartæming eigi sér stað við meðferð mála.

Þá verður einnig að hafa í huga að þrátt fyrir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi valið þá leið að forgangsraða brotaflokkum vegna mála í sáttamiðlun, eru sum mál þess eðlis að ákærandi tekur ákvörðun um höfðun opinbers máls þrátt fyrir að mál falli innan forgangsflokka sáttamiðlunar hjá embættinu. Á þetta til dæmis við um alvarleg brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, s.s. þegar verðmæti þjófnaðarandlagsins er verulegt, skipulagning og aðferð sem beitt var við að fremja brotið er þess eðlis að rétt þykir að ákæra í málinu, um er að ræða ítrekað auðgunarbrot viðkomandi einstaklings eða að mat ákærandanda á sakaferli geranda gerir að öðru leyti að verkum að rétt þykir að ákæra í málinu.

Þá má nefna heimilisofbeldismál og önnur líkamsárásarmál sem flokka má sem alvarleg þrátt fyrir að hlutrænt séð falli verknadurinn sem slíkur undir ákvæði 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Geta afleiðingar verknadur, tengsl árásarmanns og árásarpola, verknadaraðferðir geranda og vettvangur brotsins, auk varnaðaráhrifa og ítrekunaráhrifa brota, gert það að verkum að ákærandi tekur ákvörðun um höfðun opinbers máls í stað þess að beina máli í farveg sáttamiðlunar. Áréttað er að mál vegna líkamsárása og brota gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga eru forgangsflokkur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að því er varðar

sáttamiðlun, enda er ríflega helmingur allra mála sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lokið með sáttamiðlunarúrræðinu líkamsárásarmál.

3.4 Verkefnið á landsbyggðinni

Lögreglustjóraembættin á landsbyggðinni hófu þátttöku í verkefninu eitt af öðru í byrjun október á þessu ári. Þó höfðu fjögur embætti áður tekið fyrir eitt sáttamál hvert eins og áður greinir.

Embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum hefur tekið myndarlega á úrræðinu en verkefnið var innleitt þar um miðjan október. Hefur embættið á undanförunum sjö vikum lokið alls fjórum málum með sáttamiðlun.

Þá hefur embætti lögreglustjórans á Seyðisfirði tekið tvö mál til sáttamiðlunar með góðum árangri.

3.5 Tölulegar upplýsingar um tilraunaverkefnið

Í lok hvers sáttafundar eru spurningalistar lagðir fyrir þá sem tekið hafa þátt í fundinum, þ.e. þolendur, gerendur og stuðningsaðila. Ekki verður hér gerð ítarleg grein fyrir niðurstöðum allra þeirra þátta sem spurt er um heldur látið nægja að nefna þá helstu. Ítarlegri upplýsingar um neðangreind atriði má finna í töflum í fylgiskjali með skýrslunni. Að baki þeim niðurstöðum sem hér eru settar fram eru 23 sáttamál.

Aldur gerenda?

Í þeim 23 málum sem liggja til grundvallar var fjöldi þátttakenda í sáttafundum 92, þ.e. þolendur, gerendur og stuðningsaðilar. Af þeim 29 gerendum sem tóku þátt í fundunum voru flestir þeirra á aldrinum 15-18 ára, eða alls 21, þrír voru á aldrinum 22-30, þrír á aldrinum 31-40 og tveir á aldrinum 19-21.

Ánægja með undirbúning aðila fyrir sáttafund?

95% þátttakenda voru að mestu leyti eða mjög ánægðir með þann undirbúning sem þeir fengu frá sáttamanni fyrir sáttafund. Enginn af þátttakendum taldi að undirbúningurinn hefði verið slæmur. Þá voru um 93% þátttakenda annaðhvort sáttir eða mjög sáttir við það hvernig sáttamaður stýrði sáttafundi. Enginn kvaðst vera ósáttur en 1% þátttakenda voru mjög ósáttir.

Ánægja með niðurstöðu sáttafundar og sanngirni sáttasamnings?

Tæplega 89% þátttakenda voru sáttir (37,1%) eða mjög sáttir (51,7%) með niðurstöðu sáttafundar en einungis um 2% þátttakenda, eða 2 af 93, voru mjög óánægðir með niðurstöðuna. Í báðum tilvikum var um stuðningsaðila að ræða en engir gerendur eða þolendur voru óánægðir með niðurstöðuna. Þá fannst öllum þátttakendum að samningurinn hafi verið sanngjarn (86,7%) eða að mestu leyti sanngjarn (13,3%).

Ánægja með fundarstað?

Af 23 fundum voru 20 haldnir á lögreglustöð en þrír annars staðar, þ.e. einn í skóla og tveir á bókasafni. Aðspurðir um hver áhrif það hefði á þátttakendur að halda fundinn á lögreglustöð töldu 42% það engin áhrif hafa á sig og 53% fannst það hafa þægileg áhrif á sig, þeir vera

óþvingaðir eða öruggir. Einungis 5% töldu það vera óþægilegt eða þvingandi og voru þeir þátttakendur í hópi gerenda eða stuðningsaðila. Engum þolendum fannst það óþægilegt eða þvingandi.

Ánægja með lögreglumenn sem sáttamenn?

Í 12 málum var verkefnisstjóri sáttamaður, 8 málum verkefnisstjóri og lögreglumaður sáttamenn en lögreglumaður stýrði fundi og 3 málum lögreglumaður sáttamaður. Af þeim 53 þátttakendum sem sátu 11 síðastnefnda fundi sem lögreglumaður stýrði fannst 91,2% þátttakenda ekki óþægilegt að lögreglumaður væri sáttamaður og 8,7% það ekki sérstaklega óþægilegt. Engum fannst það óþægilegt eða frekar óþægilegt.

Í níu af þeim 11 málum sem lögreglumenn voru sáttamenn voru þeir í lögreglubúningi en á tveimur sáttafundum voru þeir borgaralega klæddir. Aðspurðir hver áhrif það hefði haft á þátttakendur að lögreglumenn klæddust lögreglubúningi á sáttafundi svöruðu 58% að það hefði engin áhrif haft á þá, 42% töldu það ýmist hafa þægileg áhrif, þeir hafi fundið til öryggis eða verið óþvingaðir. Engum þátttakanda fannst óþægilegt, þvingað eða það fylla þá óöryggi að lögreglumaður stýrði sáttafundi í lögreglubúningi. Enginn marktækur munur var á svörum þolenda, gerenda og stuðningsaðila.

Hlutleysi sáttamanns?

81,8% þátttakenda töldu að sáttamaður hefði gætt hlutleysis og 10,2% töldu að hann hefði gert það að mestu leyti. Fleiri þolendur (92%) en gerendur (71,4%) töldu að sáttamaður hefði gætt hlutleysis. Um 86% gerenda töldu þó að sáttamaður hefði að mestu leyti gætt hlutleysis eða væri hlutlaus.

Afstaða til þátttöku í sáttamiðlun

85% þátttakenda myndu taka þátt í sáttamiðlun aftur ef tilefni væri til, 12,5% voru ekki viss en 2,3% myndu ekki gera það. Flestir stuðningsaðilar voru tilbúnir til að taka þátt aftur (88,6%), því næst gerendur (86,2%) en þolendur voru ekki eins afdráttarlausir í sínum svörum (79,2%). Enginn þolandi tók þó fyrir það með öllu að taka þátt í sáttamiðlun á ný á meðan 3,4% gerenda og 2,9% stuðningsaðila neituðu því. Þá kváðust tæp 90% þátttakenda mæla með sáttamiðlun við aðra í sömu sporum. Gerendur og stuðningsaðilar voru afdráttarlausari í svörum sínum en þolendur en tæplega 21% þeirra voru ekki vissir um að þeir myndu mæla með úrræðinu.

Afstaða til meðferðar málsins í heild í réttarkerfinu

Spurt var um afstöðu þátttakenda til málsferðar í réttarkerfinu í heild. Svör við þeirri spurningu voru nokkuð neikvæðari en við öðrum spurningum í könnuninni. Hugtakið réttarkerfi var ekki sérstaklega skilgreint en spurningin beindist að þessu eina máli sem hafði einungis komið til kasta lögreglu en ekki annarra stofnana í réttarkerfinu. Hún tók því til þeirrar meðferðar í heild sem mál þeirra hlaut hjá lögreglunni. Af öllum þeim 22 spurningum svör fengust við í könnuninni var ánægja þátttakenda að meðaltali í kringum 90% með þá meðferð sem tengdist sáttamiðlun og því er hér um nokkuð frávík að ræða. Ástæða þessarar óánægju gæti verið sú að þolendur og gerendur þurfi að bíða lengi eftir að mál þeirra eru tekin fyrir, stundum líða margir mánuðið og jafnvel ár, og jafnframt þurfa þolendur og gerendur að leita eftir upplýsingum í stað þess að haft sé samband við þá að fyrra bragði.

4 Mat á árangri og tillögur til úrbóta

Þegar tilraunaverkefni um sáttamiðlun hjá lögreglu var sett á fót var það einkum gert í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi var það til hagsbóta einkum fyrir þolendur afbrota en einnig fyrir gerendur og samfélagið í heild. Var úrræðið talið líklegt til að hafa bæði sérstök varnaðaráhrif og almenn. Í annan stað var talið, að með því að beita úrræðinu hjá lögreglu mætti leysa mál á einfaldari hátt og þannig ná meiri skilvirkni og hagræði í réttarkerfinu.

Þegar horft er til fyrra markmiðsins er óhætt að segja að verkefnið hafi gengið mjög vel. Svör þátttakenda við spurningalistum um sáttameðferðina benda eindregið til þess að vel hafi tekist til í þeim málum sem sáttamiðlun hefur verið beitt. Sátt hefur náðst í öllum málum og eru aðilar almennt ánægðir með niðurstöðuna. Í einungis einu máli hefur sáttasamningur ekki verið efndur og mun það mál því fara hefðbundna leið í réttarkerfinu.

Þegar horft er til síðara markmiðs sáttamiðlunar er árangurinn nokkuð góður. Þó verður að telja að nokkuð færri mál hafi farið í farveg sáttamiðlunar en reiknað var með í upphafi. Á því eru þó eðlilegar skýringar. Í fyrsta lagi er því oft farið svo með ný úrræði að það tekur tíma að breyta venjubundnum starfsháttum og tileinka sér nýtt verklag. Í öðru lagi má finna skýringu í stærð lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu en þegar verkefni er tekið upp á svo stóru embætti er mikilvægt að allir sem hlut eiga að máli séu meðvitaðir um úrræðið. Á fyrstu mánuðum verkefnisins var fáum málum vísað til sáttamiðlunar sem gaf til kynna að boðleiðir væru ekki skýrar. Það má að einhverju leyti rekja til þeirra breytinga sem urðu við stofnun nýs embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við síðustu áramót. Eftirlitsnefndin brást við þeim vanda með því að kynna verkefnið betur, bæði fyrir óbreyttum lögreglumönnum á embættinu sem og yfirmönnum. Eftir það fóru hjólin að snúast hraðar. Þá ber einnig að líta til þess að sá tími sem tekur að undirbúa og sætta mál er ekki langur eða að meðaltali tæplega 3 klst. og því mun minni en sá tími sem varið er í sambærileg mál sem fá hefðbundna afgreiðslu í réttarkerfinu. Þá má reikna með að þessi fjöldi klukkustunda lækki með tímanum eftir því sem verkefninu vindur fram og sáttamenn öðlast meiri reynslu. Þegar á heildina litið verður því að telja árangurinn af tilraunaverkefninu góðan

Þrátt fyrir góðan árangur má bæta nokkur atriði. Í fyrsta lagi þarf að skerpa betur á skráningum mála að því er varðar lokastöðu þeirra og útsendingu tilkynninga um niðurfellingu saksóknar til málsaðila að lokinni sáttamiðlun en reynsla embættisins hefur sýnt fram á að einhverjir misbrestir hafa verið á frágangi mála. Þetta er þó atriði sem án nokkurs vafa mun færast til betri vegar eftir því sem úrræðið verður virkara við meðferð mála hjá embættinu.

Í annan stað er mjög mikilvægt að lögreglustjóraembættin setji sér metnaðarfull markmið um fjölda mála í sáttamiðlun fyrir árið 2008 en það að hafa lokið á þriðja tug mála fyrra ár tilraunaverkefnisins bendir til þess að embættið hafi þurft ákveðin aðlögunartíma vegna verkefnisins, s.s. vegna þess að embættið tók til starfa um síðustu áramót, skilgreina hefur þurft verkferla, taka ákvarðanir um forgangsflokka mála í sáttamiðlun, o.fl.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæðum um tímafresti í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 1/06 verði endurskoðaðir í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur. Tímafrestirnir eru stuttir með það að markmiði að mál tefjist ekki í sáttamiðlun en í ljós hefur komið að ekki hefur reynst unnt að

fylgja þeim stranglega. Þá er jafnframt lagt til að skilyrði um að mál teljist upplýst verði skýrt nánar í tilmælum ríkissaksóknara þannig að þar sé átt við að mál sé nægilega vel upplýst.

Nefndin telur mikilvægt fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að meta reynsluna af tilraunaverkefninu nú um áramótin 2007-2008, með það að leiðarljósi að skilgreina nánar hvort breyta þurfi verkferlum, m.a. með tilliti til þess hvort ástæða sé til þess að verkefnið færist frá öllum rannsóknardeildum yfir til almennudeildar eða forvarnardeildar, hvort betur fari á því að fela verkefnið fyrirfram skilgreindum starfsmönnum sem annist greiningu málanna á frumstigi og tryggi að þeim sé beint í sáttamiðlunarfarveg þegar á fyrstu stigum rannsóknar, o.fl. Þá þarf að kynna verkefnið betur gagnvart lögfræðingum embættisins og rannsakendum mála og leiðbeina þeim markvisst og betur um fyrstu skrefin í sáttamiðlun. Einnig liggur fyrir að bæta þarf verkferil varðandi meðferð mála þegar sáttasamningur er ekki efndur, þ.e hvort veita eigi hlutaðeigandi stuttan frest áður en ákvörðun er tekin um niðurfellingu sáttasamnings og ákvörðun um opinbera saksókn kemur til, o.fl. Eru því enn nokkur atriði sem móta þarf í framkvæmd.

Af embættum utan höfuðborgarsvæðisins telur nefndin ástæðu til að nefna sérstaklega embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum. Er reynsla sáttamanna hjá lögreglustjóranum á Vestfjörðum afar jákvæð og verklag þar til eftirbreytni. Að mati nefndarinnar er afar áhugavert og hvetjandi að fylgjast með framgangi innleiðingar úrræðisins á Vestfjörðum enda benda fyrstu niðurstöður til þess að árangurinn sé frábær en þar hafa verið tekin fyrir vandasöm mál þar sem lögfræðikostnaður og bótakröfur hafa jafnframt komið til umfjöllunar og sáttagerðar. Þá er einnig áhugavert fyrir eftirlitsnefndina að geta borið saman innleiðingarferli við annars vegar embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum, enda samfélagsgerð og umhverfi um margt ólíkt og mikill stærðarmunur á embættunum.

Að því er varðar önnur embætti á landsbyggðinni þykir nefndinni vegna fæðar mála of snemmt að leggja mat á árangur af innleiðingu sáttamiðlunar. Nefndin hefur í kynningum sínum á landsbyggðinni hvatt embættin til þess að beina málum í farveg sáttamiðlunar að uppfylltum skilyrðum og hefur nefndin hvatt embættin til að setja sér markmið um sáttamiðlun í opinberum málum. Verður fróðlegt að fylgjast áfram með framgangi innleiðingar á úrræðinu og mun nefndin hér eftir sem hingað til leitast við að styðja embættin við innleiðinguna eftir fremsta megni.

Reykjavík 21. desember 2007.

Dís Sigurgeirsdóttir, formaður
lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu,

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson,
lögfræðingur yfirstjórnar hjá
lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu,

Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson,
verkefnisstjóri tilraunaverkefnisins.

Ragna Bjarnadóttir,
löglerður fulltrúi hjá embætti ríkissaksóknara

FYLGISKJAL 1.

Spurningalisti vegna tilraunaverkefnis um sáttamiðlun í opinberum málum.

Þessi spurningalisti er lagður fyrir alla sem taka þátt í sáttamiðlun, hvort sem þeir eru gerendur, þolendur eða stuðningsmenn.

Þátttaka þín í þessari könnun er valkvæði. Hátt svarhlutfall er hins vegar lykilatriði þegar árangur verður metinn af tilraunaverkefninu og tekin ákvörðun um hvort sáttamiðlun skuli verða varanlegt úrræði í refsivörslukerfinu. Því skipta svör þín máli.

Þú átt ekki að skrifa nafnið þitt á spurningalistann. Þegar þú hefur lokið við að fylla hann út setur þú hann í meðfylgjandi umslag og lokar því og kemur því til sáttamanns. Sáttamaður safnar saman umslögum allra fundarmanna í stórt A4 umslag og sendir til nefndar á vegum dómsmálaráðuneytisins sem hefur eftirlit með tilraunaverkefninu. Þeir sem vinna úr spurningalistunum eru bundnir þagnarheiti og farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Gerð verður skýrsla á grundvelli svaranna og hugsanlega skrifaðar greinar. Ekki verður hægt að rekja svör á spurningalistanum til þess sem þau skrifar.

Einungis er um krossaspurningar að ræða en í lok spurningalistans getur þú skrifað athugasemdir ef þú vilt koma einhverju á framfæri sem spurningalistinn tekur ekki til.

Þakka þér fyrir þátttökuna

Með kveðju,

Dís Sigurgeirsdóttir,
formaður nefndar um eftirlit með tilraunaverkefni um sáttamiðlun í opinberum málum.

Spurningalisti vegna tilraunaverkefnis um sáttamiðlun í opinberum málum 2006-2008.

1. Hver er aldur þinn?

15-18 ára 19-21 árs 22-30 ára 31-40 ára 41-50 ára 51 árs eða eldri.

2. Hvert er kyn þitt?

karl kona

3. Hvert var hlutverk þitt í því máli sem sætti sáttameðferð?

<input type="checkbox"/> Gerandi (kærði)	<input type="checkbox"/> Þolandi (kærandi)
<input type="checkbox"/> Foreldri geranda	<input type="checkbox"/> Foreldri þolanda
<input type="checkbox"/> Skyldmenni geranda	<input type="checkbox"/> Skyldmenni þolanda
<input type="checkbox"/> Vinur eða stuðningsaðili geranda	<input type="checkbox"/> Vinur eða stuðningsaðili þolanda
<input type="checkbox"/> Annað (útskýrðu) _____	<input type="checkbox"/> Annað (útskýrðu) _____

4. Hversu sátt/ur ertu við þá málsmeðferð sem þetta mál hefur hlotið í heild í réttarkerfinu?

Mjög ósátt/ur Ósátt/ur Hvorki sátt/ur né ósátt/ur Sátt/ur Mjög sátt/ur

5. Finnst þér að sáttamaður hafi undirbúið þig nægilega vel fyrir sáttafundinn?

Nei Ekki sérstaklega Að mestu leyti Já

Næstu spurningar fjalla einungis um sáttafundinn sjálfan.

6. Hversu sátt/ur ertu við hvernig sáttafundinum var stýrt?

Mjög ósátt/ur Ósátt/ur Hvorki sátt/ur né ósátt/ur Sátt/ur Mjög sátt/ur

7. Hversu sátt/ur ertu við niðurstöðu sáttafundarins?

Mjög ósátt/ur Ósátt/ur Hvorki sátt/ur né ósátt/ur Sátt/ur Mjög sátt/ur

8. Finnst þér að mark hafi verið tekið á skoðunum þínum á fundinum?

Nei Ekki sérstaklega Að mestu leyti Já

9. Finnst þér að geranda hafi nægilega verið gerð grein fyrir broti sínu og afleiðingum þess á fundinum?

Nei Ekki sérstaklega Að mestu leyti Já

10. Upplifðirðu sanngirni á fundinum?

Var allt sem fram fór á fundinum sanngjarnt?	<input type="checkbox"/> Nei	<input type="checkbox"/> Ekki sérstaklega	<input type="checkbox"/> Að mestu leyti	<input type="checkbox"/> Já
Var sáttaaðferðin sanngjörn?	<input type="checkbox"/> Nei	<input type="checkbox"/> Ekki sérstaklega	<input type="checkbox"/> Að mestu leyti	<input type="checkbox"/> Já
Var sáttamaðurinn sanngjarn?	<input type="checkbox"/> Nei	<input type="checkbox"/> Ekki sérstaklega	<input type="checkbox"/> Að mestu leyti	<input type="checkbox"/> Já
Var sáttasamningurinn sanngjarn?	<input type="checkbox"/> Nei	<input type="checkbox"/> Ekki sérstaklega	<input type="checkbox"/> Að mestu leyti	<input type="checkbox"/> Já

11. Baðst gerandi afsökunar? Nei Já

12. Ef svarið við spurningu nr. 11 er já, þá:

Var afsökunarbeiðnin einlæg? Nei Ekki sérstaklega Að mestu leyti Já
Var geranda fyrirgefið? Nei Ekki sérstaklega Að mestu leyti Já

13. Hvar fór sáttafundur fram?

Á lögreglustöð Annars staðar. Ef annars staðar þá hvar? _____

14. Hvaða áhrif hafði staðsetning sáttafundarins á þig? (Hér má setja fleiri en einn kross)

Engin áhrif
 Mér fannst það óþægilegt Mér fannst það þægilegt
 Mér fannst ég þvinguð/þvingaður Mér fannst ég óþvinguð/óþvingaður
 Ég fann til óryggis Ég fann til öryggis
 Annað: _____

15. Hver stýrði sáttafundinum?

Lögreglumaður Annar

Ef svarið við spurningu nr. 15 er lögreglumaður, þá vinsamlegast svaraðu spurningum nr. 16-18.

16. Fannst þér óþægilegt að lögreglumaður stýrði sáttafundinum?

Nei Ekki sérstaklega Frekar óþægilegt Já

17. Var lögreglumaður í lögreglubúningi á sáttafundinum? Nei Já

18. Ef svarið við spurningu nr. 17 er já, þá hvaða áhrif hafði það á þig? (Hér má setja fleiri en einn kross).

Engin áhrif
 Mér fannst það óþægilegt Mér fannst það þægilegt
 Mér fannst ég þvinguð/þvingaður Mér fannst ég óþvinguð/óþvingaður
 Ég fann til óryggis Ég fann til öryggis
 Annað: _____

19. Fannst þér sáttamaðurinn gæta hlutleysis?

Nei Ekki sérstaklega Að mestu leyti Já

20. Myndir þú taka þátt í sáttamiðlun aftur ef tilefni væri til? Nei Já Ekki viss

21. Myndir þú mæla með sáttamiðlun við aðra í sömu sporum og þú? Nei Já Ekki viss

22. Á skalanum 1 til 10 þar sem 1= mjög óánægð/ur en 10=mjög ánægð/ur, hversu ánægð/ur ert þú með sáttafundinn? Settu hring utan um tölustafinn.

Mjög óánægður Mjög ánægður
1----2----3----4----5----6----7----8----9----10

23. Er eitthvað sem þú vilt taka fram að lokum?

FYLGISKJAL 2.

Fjöldi mála að baki töflum er 23 og fjöldi þátttakenda 92.

Tafla 1. Aldur, kyn og fjöldi þátttakenda í sáttamiðlun

Flokkadur aldur	Karl		Kona		Samtals	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
15-18	13	31%	14	28%	27	29%
19-21	3	7%	1	2%	4	4%
22-30	7	17%	5	10%	12	13%
31-40	6	14%	10	20%	16	17%
41-50	6	14%	16	32%	22	24%
51	7	17%	4	8%	11	12%
Samtals	42	100%	50	100%	92	100%

Eins og sjá má í töflu 1 þá er um þriðjungur þátttakenda á aldrinum 15 til 18 ára og skiptist það hlutfall nánast jafnt á milli karla og kvenna. Fæstar konur og karlar eru á aldrinum 19 til 21 ára en rúmlega helmingi fleiri konur en karlar eru á aldrinum 41 til 50 ára og er það næst fjölmennasti aldurshópurinn sem tekur þátt í könnuninni.

Tafla 2. Þátttakendur í sáttamiðlun skipt eftir hlutverki.

Hlutverk-flokkadur	Hlutverk-flokkadur			Samtals
	Gerandi	Stuðningsaðili	Þolandi	
51		5	5	10
15-18	21	1	5	27
19-21	2	1	1	4
22-30	3	3	5	11
31-40	3	6	6	15
41-50		19	3	22
Samtals	29	35	25	89

Af þeim 29 gerendum sem tóku þátt í fundunum voru flestir þeirra á aldrinum 15-18 ára, eða alls 21, þrír voru á aldrinum 22-30, þrír á aldrinum 31-40 og tveir á aldrinum 19-21.

Tafla 3. Ánægja þátttakenda með þann undirbúning sem þeir fengu fyrir sáttafund

Hlutverk sp. 5	Nei	Ekkert sérstaklega	Að mestu leyti	Já	Samtals
Gerandi	0,0%	7,1%	17,9%	75,0%	100%
Stuðningsaðili	0,0%	0,0%	21,2%	78,8%	100%
Þolandi	0,0%	8,0%	24,0%	68,0%	100%
Samtals	0,0%	4,7%	20,9%	74,4%	100%

Tafla 3 sýnir að um 95% þátttakenda er að mestu leyti eða ánægður með þann undirbúning sem þeir fengu frá sáttamanni fyrir sáttafund. Enginn af þátttakendum telur að undirbúningurinn hafi verið slæmur.

¹ Spurning 5.

Tafla 4. Ánægja þátttakenda með það hvernig sáttamiðlari stýrði sáttafundi.

Hlutverk	Mjög ósáttur	Ósáttur	Hvorki né	Sáttur	Mjög sáttur	Samtals
Gerandi	0,0%	0,0%	3,4%	34,5%	62,1%	100,0%
Stuðningsaðili	2,9%	0,0%	5,7%	37,1%	54,3%	100,0%
Þolandi	0,0%	0,0%	8,0%	48,0%	44,0%	100,0%
Samtals	1,1%	0,0%	5,6%	39,3%	53,9%	100,0%

2

Af töflu 4 má sjá að um 93% þátttakenda eru annaðhvort sáttir eða mjög sáttir við það hvernig sáttamaður stýrir sáttafundi. Aðeins um 1% þeirra eru mjög ósáttir og enginn þeirra bara ósáttur.

Tafla 5. Ánægja þátttakenda með niðurstöðu sáttafundar.

Hlutverk	Mjög ósáttur	Ósáttur	Hvorki né	Sáttur	Mjög sáttur	Samtals
Gerandi	0,0%	0,0%	3,4%	44,8%	51,7%	100%
Stuðningsaðili	5,7%	0,0%	11,4%	28,6%	54,3%	100%
Þolandi	0,0%	0,0%	12,0%	40,0%	48,0%	100%
Samtals	2,0%	0,0%	9,0%	37,1%	51,7%	100%

3

Eins og sjá má á töflu 5 eru rétt tæplega 89% þátttakenda ánægðir með hvernig sáttafundurinn var leiddur til lykta en aðeins um 2% þátttakenda (2 af 93) voru mjög óánægð með niðurstöðuna. Gerendur eru nokkuð ánægðari en þolendur og eru það aðeins stuðningsaðilar sem eru mjög óánægðir með niðurstöðuna.

Tafla 6. Afstaða þátttakenda til þess hvort sáttasamningurinn hafi verið sanngjarn.

Hlutverk	Nei	Ekkert sérstaklega	Að mestu leyti	Já	Samtals
Gerandi	0,0%	0,0%	17,2%	82,8%	100%
Stuðningsaðili	0,0%	0,0%	6,7%	93,3%	100%
Þolandi	0,0%	0,0%	16,7%	83,3%	100%
Samtals	0,0%	0,0%	13,3%	86,7%	100%

4

Tafla 6 sýnir að öllum þátttakendum fannst annaðhvort sáttasamningurinn vera sanngjarn að mestu leyti eða að öllu leyti.

Tafla 7. Hvar fór sáttafundur fram.

	Fundarstaður		
	Annar staðar	Lögreglustöð	
	3 Fundir	20 Fundir	23
Samtals	24 þátttakendur	69 Þátttakendur	93

5

Eins og kemur fram í töflu 7 þá voru 3 fundir haldnir annar staðar en á lögreglustöð en 20 af 23 fundum voru haldnir á lögreglustöð. Á þeim þremur sáttafundum, sem haldnir voru annars vegar í skóla og hins vegar á bókasafni, sátu 24 þátttakendur.

² Spurning 6.

³ Spurning 7.

⁴ Spurning 10d.

⁵ Spurning 13.

Tafla 8. Áhrif staðsetningar sáttafundar á þátttakendur þegar fundarstaður er lögreglustöð.

Sp. 14	Áhrif fundarstaðar								Samtals
	Óþægilegt	Þvingaður	Engin áhrif	Þægilegt	Öryggi	Þægilegt/ Öryggi	Óþvingaður	Þægilegt/ Óþvinguð/ Öryggi	
Hlutver									
Gerandi	6%	6%	61%	6%	6%	5%	5%	5%	100%
Stuðningsa.	5%	0%	36%	8%	12%	4%	28%	7%	100%
Þolandi	0%	0%	32%	42%	5%	11%	0%	10%	100%
Samtals	3%	2%	42%	18%	8%	6%	13%	8%	100%

Tafla 8 sýnir að 61% geranda finnst það hafa engin áhrif á sig þótt sáttafundur sé haldinn á lögreglustöð en 24% fannst það hafa jákvæð áhrif á sig eða samanlagt um 85% gerenda. Þegar þolendur eru bornir saman við gerendur kemur í ljós að þolendum finnst það hafa jákvæðari áhrif á sig en gerendur að halda sáttafundinn á lögreglustöð, eða um 68% þolenda, og rétt rúmum þriðjungu finnst það ekki hafa nein áhrif á sig. Enginn þolenda upplifði óþægindi eða þvingun við að halda fundinn á lögreglustöð. Stuðningsaðilar hafa svipaða skoðun og þolendur en báðir hóparnir telja staðsetninguna hafa jákvæð áhrif á sig frekar en neikvæð.

Tafla 9. Var sáttamaður lögreglumaður eða ekki lögreglumaður.

	Fundarstjórn			Samtals
	Annar	Bæði	Lögreglumaður	
Sáttamál	12	8	3	23
Þátttakendur	35		56	91

Tafla 9 sýnir að í 12 af 23 sáttamálum var annar en lögreglumaður sem stýrði sáttafundi. Í átta málum var það lögreglumaður sem stýrði sáttafundi en með aðstoð aðila sem ekki er lögreglumaður. Aðeins í þremur málum sá lögreglumaður alfarið um sáttafundinn. Alls sátu 56 þátttakendur sáttafund sem stýrt var af lögreglumanni með aðstoð annars aðila eða sáttafund sem alfarið var stýrt af lögreglumanni.

Tafla 10. Afstaða þátttakenda til þess hvort þeim hafi fundist það óþægilegt að sáttamaður væri lögreglumaður.

Hlutverk	Ánægja með sáttamann				Samtals
	Nei	Ekkert sérstaklega	Frekar óþægilegt	Já	
Gerandi	90,0%	10,0%	0,0%	0,0%	100%
Stuðningsaðili	91,3%	8,7%	0,0%	0,0%	100%
Þolandi	92,9%	7,1%	0,0%	0,0%	100%
Samtals	91,2%	8,8%	0,0%	0,0%	100%

Tafla 10 sýnir að af þeim þátttakendum sem sátu fund sem stýrt var af lögreglumanni fannst um 90% þátttakenda það ekki óþægilegt og tæplega 9% fannst það ekkert sérstaklega óþægilegt.

⁶ Spurning 14.

⁷ Spurning 15.

⁸ Spurning 16.

Engum þátttakenda fannst það frekar óþægilegt eða óþægilegt að sáttafundi hafi verið stýrt af lögreglumanni.

Tafla 11. Var sáttaamaður í lögreglubúningi eða ekki.

	Búningur		
	Já	Nei	Samtals
Fjöldi sáttamála	9	2	11
Fjöldi þátttakenda	49	9	58

Eins og sjá má í töflu 11 þá eru lögreglumenn í lögreglubúningi í níu af 11 sáttamálum en á 2 sáttafundum eru þeir ekki í lögreglubúningi. Alls 49 þátttakendum tóku þátt í þeim níu sáttafundum þar sem lögreglumaður stýrði fundinum og var einnig í lögreglubúningi. Samtals tóku 58 þátttakendur þátt á sáttafundi þegar lögreglumaður var í búningi og stýrði sáttafundi.

Tafla 12. Afstaða þátttakenda til þess að sáttaamaður var í lögreglubúning.

	Áhrif lögreglubúnings							Samtals	
	Óþægilegt	Þvingaður	Óöryggis	Engin áhrif	Þægilegt	Öryggi	Þægilegt/ Öryggi		Óþvingaður
Gerandi				56%	19%	19%	6%	0%	100%
Stuðningsaðili				63%	16%	5%	0%	16%	100%
Þolandi				54%	15%	15%	8%	8%	100%
Samtals				58%	17%	13%	4%	8%	100%

¹⁰

Tafla 12 sýnir að það hafði enginn neikvæð áhrif á þátttakendur að sitja sáttafund þar sem lögreglumaður var í lögreglubúningi og lítill munur er á milli afstöðu geranda, þolanda og stuðningsaðila.

Tafla 13. Afstaða þátttakenda til þess hvort sáttaamaður hafi gætt hlutleysis.

Sp. 19	Nei	Ekkert sérstaklega	Að mestu leyti	Já	Samtals
Gerandi	3,6%	3,6%	14,3%	71,4%	100%
Stuðningsaðili	0,0%	0,0%	11,4%	82,9%	100%
Þolandi	4,0%	4,0%	4,0%	92,0%	100%
Samtals	2,3%	2,3%	10,2%	81,8%	100%

¹¹

81,8% þátttakenda töldu að sáttaamaður hefði gætt hlutleysis og 10,2% töldu að hann hefði gert það að mestu leyti. Fleiri þolendur (92%) en gerendur (71,4%) töldu að sáttaamaður hefði gætt hlutleysis. Um 86% geranda töldu þó að sáttaamaður hefði að mestu leyti gætt hlutleysis eða væri hlutlaus.

⁹ Spurning 17.

¹⁰ Spurning 18.

¹¹ Spurning 19.

Tafla 14. Afstaða þátttakenda til þess hvort þeir myndu taka aftur þátt í sáttamiðlun.

Sp. 20	Nei	Já	Ekki viss	Samtals
Gerandi	3,4%	86,2%	10,3%	100%
Stuðningsaðili	2,9%	88,6%	8,6%	100%
Þolandi	0,0%	79,2%	20,8%	100%
Samtals	2,3%	85,2%	12,5%	100%

¹²

Tafla 14 sýnir að 85% þátttakenda myndi taka þátt í sáttamiðlun aftur ef tilefni væri til og eru stuðningsaðilar sérstaklega áhugasamir um að taka aftur þátt en þolendur eru ekki eins afdráttarlausir. Fleiri þolendur en gerendur eru ekki vissir um hvort þeir myndu taka aftur þátt í sáttamiðlun en enginn þeirra tekur alveg fyrir það.

Tafla 15. Afstaða þátttakenda til þess hvort þeir myndu mæla með sáttamiðlun við aðra.

Sp. 21	Nei	Já	Ekki viss	Samtals
Gerandi	3,4%	93,1%	3,4%	100%
Stuðningsaðili	0,0%	94,3%	5,7%	100%
Þolandi	0,0%	79,2%	20,8%	100%
Samtals	1,1%	89,8%	9,1%	100%


¹³

Tafla 15 sýnir að rétt tæp 90% þátttakenda myndu mæla með sáttamiðlun við aðra í sömu sporum og eru þolendur og stuðningsaðilar sérstaklega vissir í sinni sök. Þolendur eru ekki eins vissir og gerendur og þolendur um að þeir myndu mæla með þessari leið innan réttarkerfisins fyrir aðra.

¹² Spurning 20.

¹³ Spurning 21.

Mynd 1. Afstaða þátttakenda til málsferðar í réttarkerfinu í heild borið saman við afstöðu þeirra til hvernig sáttafundi var stýrt og niðurstöðu sáttafundar.



14

Mynd 1 sýnir að þátttakendur eru líklegri til að svara spurningunni „Hversu sáttur ertu við þá málsmeðferð sem þetta mál hefur hlotið í heild í réttarkerfinu?“ á nokkuð neikvæðari hátt en öðrum spurningum í könnuninni. Hugtakið réttarkerfi var ekki sérstaklega skilgreint í spurningunni en hún beinist að þessu eina máli sem hefur einungis komið til kasta lögreglu en ekki annarra stofnana í réttarkerfinu. Hún tekur því til þeirrar meðferðar í heild sem mál þeirra hlaut hjá lögreglunni. Af öllum þeim 22 spurningum sem svarað var í könnuninni er ánægja þátttakenda að meðaltali í kringum 90% og er þetta því frávik frá því. Ástæða þessarar óánægju gæti verið sú að þolendur og gerendur hafi þurft að bíða lengi eftir að mál þeirra væru tekin fyrir, stundum líða margir mánuðið og jafnvel ár, og jafnframt þurfa þolendur og gerendur að leita eftir upplýsingum í stað þess að haft sé samband við þá af fyrra bragði.

¹⁴ Spurningar 4, 6 og 7.